

5. árg. 4. tbl. september 2001

Ábm: G.G

## Ágætu félagsmenn

Fyrir hönd félagsins, vil ég byrja á því að bjóða sendiherra Japans, Masao Kawai og eiginkonu hans velkomin til starfa.

Nýtt stjórnarár er nú hafið, tveir stjórnarmenn létu af störfum og tveir nýir komu í þeirra stað. Ég verð að játa, að það eftirminnilegasta úr starfi félagsins síðasta stjórnarár, voru þær frábæru móttökur sem málþing okkar um japanska menningu, Hlutinn og heildin, fékk. Röð fyrirlesara var með eindænum, og ekki var um að villast að áhugi Íslendinga á Japan er í örum vexti. Fjöldi gesta var á annað hundrað og margir sátu hátt í fimm klukkustundir til að fylgjast með dagskrá okkar. Þessar viðtökur voru sannarlega gleðiefni fyrir félagið og hvetur okkur til dáða í framtíðinni.

Á Jónsmessu var hafin gróðursetning

trjáa í landnemaspíldu okkar í Klifsholti fyrir ofan Hafnarfjörð og er það einlæg ósk stjórnar að þessi landnemaspílda verði til þess að félagsmenn og börn þeirra kynnist enn frekar.

Undirbúningsvinna haustsins hefur staðið í allt sumar. Skipuð var tuttugu ára afmælisnefnd og hefur hún unnið hörðum höndum að undirbúningi afmælishátiðar félagsins sem haldin verður 4. október n.k. Von er á Japönskum tónlistarmönnum í byrjun október og fleiri viðburðir eru í undirbúningi.

Síðar í fréttabréfi þessu er sagt nánar frá afmælishátiðinni sem og aðalfundi félagsins sem haldinn var í apríl síðastliðnum og birtur útdráttur úr skýrslu stjórnar.


Fráfarandi stjórn kom með tillögu að lagabreytingum sem samþykktar voru



### Fuku - Hamingja

Vinstra megin má sjá  
altarisstand og hægra megin  
flösku fyllta af Sake.

Í gamladaga lét fólk gleði sína  
eða hamingju í ljós með því að  
bera Sake fyrir guði sína.



á síðasta aðalfundi. Lagabreytingar þessar heimila einstaklingum og fyrirtækjum að gerast styrktaraðilar að féluginu auch þess sem stjórn félagsins getur nú ráðið til starfa sérstaka verkefnisstjóra. (sjá ný lög félagsins bls. 7).

Aukin umsvif félagsins krefjast mikillar vinnu og aukinna fjárútláta. Því er með öllu óraunhæft að allt það starf og sá kostnaður verði borinn af félagsmönnum einum saman. Það verður í verkahring stjórnar að afla styrktaraðila hvort heldur til reglulegrar starfsemi eða til sérstakra verkefna. Ég vil geta þess að framkvæmd málþingsins, *Hlutinn og heildin*, hefði verið ógerleg án styrkja frá Sasakawa-stofnuninni, Heklu hf. og Hval hf. og vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim fyrir veittan stuðning. Án styrkja hefðum við heldur ekki getað hafið vinnu við landnemaspildu

okkar í Hafnarfirði, en þeim einstaklingum og fyrirtækjum sem styrktu hana kunnum við bestu þakkir fyrir.

Auk nýrra félagsmanna, vil ég bjóða Björn Þór Vilhjálmsson og Yukiko Koshizuka velkomin í hóp okkar stjórnarmanna og um leið þakka Iura Yoshihiko og Helgu Hannesdóttur fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Eitt aðal markmið stjórnar fyrir næsta starfsár er að virkja félagsmenn til starfa. Sem áður segir hefur verið skipuð sérstök afmælisnefnd og það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hve margir félagar og fjölskyldur þeirra komu til fyrstu gróðursetningar í landnemaspildu okkar.

Félagskveðjur,

Gunnhildur Gunnarsdóttir  
formaður

---

皆様お元気でしょか。清々しい季節になりました。私にとって初めてのアイスランドの夏、白夜に感動しつつも眠るのに苦労しています。クリングランで4月に開催された日本文化の講演会、5月の国立劇場での講演、尺八やダンスのパフォーマンスは大成功となりました。講演、来場して下さった皆様、ありがとうございました。今秋にアイスランド日本協会は20回目の誕生日を迎えます。協会の、そして子供達の未来が実りあるものであるように、ということで植樹会を開催したいと思いますので、是非ご参加ください。

Yukiko Koshizuka

# 20 ára afmæli félagsins

协会 20 周年記念

Að tillögu afmælisnefndar hefur verið ákveðið að halda afmælishátið félagsins 4. október n.k. og er það einkar ánægjulegt að sendiherra Japans hefur þegið boð okkar um að taka þátt í þessum merka áfanga félagsins. Sem kunnugt er verður félagið 20 ára í nóvember n.k.

Í tengslum við afmælishátiðna verður gefið út veglegt afmælisrit, þar sem stiklað verður á stóru um stafsemi félagsins þá tvo áratugi sem það hefur

starfað, sagt frá forsögu hinna ýmissu atburða og hvernig þessi órjúfanlegu tengsl einstaklinga og þjóða hafa styrkst í tímanna rás. Auk þess verða birtar greinar og viðtöl við ýmsa framámmenn og konur er hafa gengt lykilhlutverki í eflingu þessara mikilvægu menningartengsla Íslands og Japans. (Sjá dagskrá á bls. 19).

## Fræjum sáð til framtíðar -landnemaspilda Íslensk-japanska félagsins í Hafnarfirði

Laugardaginn, 23. júní sl. hófu félagar í Íslensk-japanska féluginu, ásamt Minoru Okazaki aðalritara sendiráðsins, gróðursetningu trjáa í landnemaspildu sem féluginu hefur verið úthlutað í Klifsholti, norðan við Sléttuhlíð í Hafnarfirði. Minoru Okazaki sendiráðsritari, Miyako Pórðarson og Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður



Victoria Sædís og Guðjörg Yuriko




Hér eru þau Okazaki, aðalritari, Gunnhildur, formaður, og Palli Bonzai að gróðursetja fyrsta tré spildunnar.

félagsins, gróðursettu fyrstu þrjú blágrenitrén og yngsta kynslóðin tók við, með aðstoð hinna eldri, og gróðursetti fjölda loðvíðisplantna í hraunjaðrinum.

Það er von okkar að landnemaspilda þessi verði framtíðarreitur fyrir uppákomur á vegum félagsins og að fjölskyldur okkar geti notið þar samveru.

Stjórn félagsins hefur fengið Ásdísi G. Konráðsdóttur, okkar ágæta félaga, til að hafa yfirumsjón með framkvæmdum en skipulagning og fagleg ráðgjöf verður í höndum Kolbrúnar Þóru



Yukiko, Hafdís Shizuka og Berglind Aya hjálpast að við garðyrkustörfin.

Odds dóttur landlagsarkitekts og Gunnhildar Gunnarsdóttur arkitekts. Hugmyndin er að félagið sjái um hluta af kaupum plantna til gróðursetningar en jafnframt að félagar og börn þeirra eigi þess kost að mæta með eigin plöntur og gróðursetja. Félagið mun senda út tilkynningar hverju er ráðgert að planta í hverri vinnuferð. Í undirbúningi er að spilda okkar verði merkt féluginu og formlega gefið nafn. Það er einkar ánægjulegt hversu vel framkvæmd þessari hefur verið tekið og stjórn félagsins hefur fengið fjármálið.

stuðning til verkefnisins. Stryktaraðilar hafa fallist á að greiða kr. 5.000, - á ári í þrjú ár til að mæta kostnaði við uppbyggingu landnemaspíldu okkar. Við erum sannfærð um að fleiri bætist í hópinn, jafnt fyrirtæki og einstaklingar, með sama fyrirkomulagi, þ.e. að greiða ákveðna upphæð í þrjú ár í senn. Óski einhver ykkar að vera með og styðja þetta verkefni þá vinsamlegast hafið



Gróðursetninginn var einkar vel sótt

samband við stjórn félagsins. Vonumst til að sjá sem flesta í næstu vinnuferð. Við þökkum öllum þeim sem mættu í okkar fyrstu gróðursetningu, ekki síst yngstu kynslóðinni og einnig viljum við þakka styrktaraðilum okkar sem gerðu þetta mögulegt.

### Styrktaraðilar landnemaspíldu eru:

Borealis arkitektar ehf.,  
Gísli Pálsson,  
PK-hönnun sf.,  
Ólafur B. Thors,  
Sticks'n Sushi.

# AÐALFUNDUR FÉLAGSINS

總会

Aðalfundur Íslensk-japanska félagsins var haldin 26. apríl 2001 í Húsi verslunarinnar. Á fundinum var m.a. kosin ný stjórn, en hana sitja:

Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður  
Björn Þór Vilhjálmsson, ritari  
Gísli Pálsson, gjaldkeri  
Yukiko Koshizuka, meðstjórnandi  
Smári Baldursson, meðstjórnandi

## Skýrsla stjórnar

Á aðalfundi félagsins kynnti fráfarandi stjórn skýrslu ársins 2000.

Skýrslan birtist hér í örlítið styttri mynd:

Pótt félagið stæði ekki fyrir sérstökum viðburðum í eigin nafni var sumarið eftir síðasta aðalfund erilsamt. Reykjavík var ein af menningarborgum Evrópu árið 2000 og komu allmargir japanskir listamenn til landsins af því tilefni. Stjórn félagsins ásamt starfsmanni Japónsku menningarmiðstöðvarinnar aðstoðuð skipuleggjendur og framkvæmdaraðila hinna ólíku viðburða eftir fremsta megni, en rétt er að taka fram að félagið var einvörðungu í aðstöðu til að styrkja viðburðina í formi þess að senda út fréttabréf og koma upplýsingum á framfæri, aðstoða við skipulagningu, hafa milligöngu um túlkun o.fl. Félagið fékk einnig framleiðslustyrk til gerðar myndarinnar Japanskir morgnar sem sýnd verður í Ríkissjónvarpinu innan tíðar. Hingað komu einnig butoh-dansari, tónlistarmaður og myndlistamaður /skúlpþur ásamt því að haldin var sýning á japónskum flugrekum og

haldnar flugsýningar.

Pessir atburðir voru liðir í dagskrá Reykjavíkur menningarborgar 2000. Síðastliðið haust komu tveir japanskir listamenn hingað til lands á vegum Japan Foundation. Sýning og sýnikennsla var haldin á í Húsi verslunarinnar og í Listaháskóla Íslands. Viðburðir pessir þóttu einkar vel heppnaðir og gestir fóru margs fróðari en þeir komu um calligraphy og indian ink drawing.

Síðar á árinu tók félagið á móti Dr. Kaji sem er professor í hagfræði í Japan. Fyrirlesturinn sem hann flutti var skipulagður í samvinnu við Háskóla Íslands og forsætisráðuneytið tók einnig á móti gesti okkar.

Dr. Kaji hélt greinagóðan fyrirlestur um japanska hagkerfið, skýrði vöxt þess og fall, auk þess sem hún gerði grein fyrir hugmyndum um umbætur. Stjórnarmeðlimir Íslensk-japanska félagsins og/eða starfsmaður JAM hittu alla þessa fræði- og listamenn. Haldnir voru sameiginlegir kvöldverðir, farið í kynnisferðir og fleira gert til að hafa ofan fyrir japónsku gestunum og kynna þá fyrir landi og þjóð. Umstangið sem fylgdi þessu var töluvert og leyfir formaður félagsins sér að efast um að gestrisni sem þessi hefði verið innan mögulegs starfsramma félagsins ef ekki hefði verið fyrir aðstoð Iura, starfsmanns Japónsku menningarmiðstöðvarinnar. Þetta leiðir hugann að hlutverki félagsins í framtíðinni en nánar verður komið að því síðar í skýrslunni. Hingað til lands kom einnig

formaður Japansk-íslenska félagsins í Tokýó, Watanabe, en tilefni komu hans var gerð sjónvarpsþáttar um störf hans, en Watanabe er þekktur rithöfundur í Japan. Honum fylgdi stór hópur, framkvæmdarstjóri félagsins, Wakita og fjöldi sjónvarpsmanna sem unnu að gerð þáttarins. Einn liður í sjónvarpsþættinum var kvöldverður á íslensku heimili en hann hélt Kristín Ísleifsdóttir sem flestum er kunn frá formannstíð sinni í féluginu. Yose-nabe kvöld var haldið nú á vordögum en við það tækifæri flutti Þoroddur Bjarnason, myndlistamaður, fyrirlestur sem nefndist "Að læra myndlist í Japan, og fleira skemmtilegt". Margt var um manninn og ljósi var varpað á veru Íslendings í Japan. Að erindi hans loknu var snæddur japanskur kvöldverður, yose-nabe, sem er dæmigerð vetrarmáltdí í Japan.

Síðasta verkefni okkar var málþing um japanska menningu sem haldið var laugardaginn 21. apríl í Húsi verslunarinnar.

Eins og fram kom í skýrslu stjórnar í fyrra barst féluginu stykur frá Sasakawa stofnuninni til málþingsins. Þingið var samstarfsverkefni við japönsku menningarmiðstöðina og jafnframt síðasti viðburðurinn sem haldin var í tengslum við hana þar sem starfsemin hefur nú verið innlimuð í sendiráð Japans. Björn Þór Vilhjálmsson, bókmenntafræðingur, var ráðinn til að sjá um skipulagningu og undirbúning málþingsins sem kynnt var undir yfirskriftinni Hlutinn og heildin. Óhætt er að segja að málþingið hafi verið vel heppnað. Kynning þess

var góð og voru gestir málþingsins á milli 120-140. Dagskrá þess stóð í um fimm klukkustundir. Fyrirlestrarnir voru allir greinagóðir og víkkuðu tvímaðalaust sjóndeildarhring gesta á japanskri menningu. Boðið var upp á japanskar veitingar í hléi og sýningu á júdó.

Auk Sasakawa styrktu Hekla hf. og Hvalur hf. málþingið og kann félagið þeim bestu þakkir fyrir.

Að lokum kann formaður félagsins stjórnarmönnum bestu þakkir fyrir gott samstarf. Stjórnin lagðist jafnan á eitt við að greiða úr hinum ýmsu málum, skipuleggja og framkvæma. Verka-skipting hefur verið hin besta en Smári Baldursson, ritstjóri Fréttabréfsins, á heiður skilið fyrir þá andlitslyftingu sem það hefur fengið.

Að lokum vill formaður nota tækifærið og þakka Ólafi B. Thors, aðalræðismanni, fyrir hans dyggu aðstoð í þágú félagsins á árinu sem er að líða.

F.h. stjórnar

Gunnhildur Gunnarsdóttir, formaður.

# Lagabreytingar

Að tillögu stjórnar, voru samþykktar breytingar á lögum félagsins, sem gera fyrirtækjum og einstaklingum mögulegt að gerast styrktaraðilar, auk

pessara breytinga hefur stjórn nú leyfi til að ráða sérstaka verkefnisstjóra. Breytingar feitletraðar í texta.

## Lög Íslensk-japanska félagsins

1. gr.

Nafn félagsins er Íslensk-japanska félagið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík

2. gr.

Tilgangur félagsins er að auka og efla menningar-samskipti milli Íslands og Japans, kynna Ísland í Japan og Japan á Íslandi, auka gagnkvæma þekkingu og skilning þjóða þessara tveggja landa og efla vináttu þeirra í milli. Ennfremur er það markmið félagsins að greiða fyrir samskiptum listamanna, sþróttamanna og vísindamanna beggja þjóðanna.

3. gr

Hver sá sem er sammála tilgangi félagsins og greiðir félagsgjöld þess getur orðið félagi í því. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda eða afhenda einhverjum stjórnarmanna þess. **Fyrirtæki og einstaklingar geta gerst styrktaraðilar.** Æski sterri hópar eða félagasamtök eftir aðild að Íslensk-japanska félagini skal ákváða um umsóknarbeïðnina á aðalfundi. **Einungis almennir félagsmenn hafa atkvæðisrétt.**

4. gr.

Reikningsár skal vera frá 1. janúar ár hvert til 31. desember þess sama árs. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fram á aðalfundi til umræðu.

5. gr.

Stjórnin boðar til félagsfunda. Skulu þeir boðaðir bréflega með viku fyrirvara. Fari tíu félagar eða fleiri, skriflega fram á fund, er stjórn ennfremur skilt að boða til fundar.

6. gr

Í stjórn eiga sæti 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri og tvær meðstjórnendur. Stjórnin skiptir með sér störfum á fyrsta fundi sínum eftir aðalfund, nema formaður sem kosinn er sérstaklega. Stjórnin skal halda mér sér a.m.k. fjóra fundi á ári.

7. gr.

Aðalfundir skulu haldnir árlega og ekki síðar en í apríl lok. Á aðalfundi skulu vera eftirsarandi dagskráliðir:

- 1) Formaður setur fund og leggur fram tillögu um fundarstjóra.
- 2) Skýrsla stjórnar.
- 3) Skýrsla gjaldkera.
- 4) Umræður um skýrslur stjórnar og gjaldkera.
- 5) Lagabreytingar.
- 6) Kosning formanns.
- 7) Kosning stjórnar.
- 8) Endurskoðandi reikninga kosinn (og einn til vara).
- 9) Árgjald ákvæðið
- 10) Önnur mál

8. gr.

Stjórnin er kosin á aðalfundi. Formaður skal kosinn sérstakri kosningu til eins árs. Sá er rétt kjörinn formaður sem fær flest atkvæði. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þannig að á hverjum aðalfundi eru kosnir stjórnarmenn. Kosning skal vera leynileg sé þess óskað. **Stjórn hefur leyfi til að ráða sér framkvæmdastjóra eða sérstaka verkefnisstjóra þyki ástæða til.**

9. gr

Til að leggja félagið niður þurfa a.m.k. ... hlutar félaga á tveimur löglegum fundum, með ekki skemmmri tíma en mánuð á milli sín, að greiða atkvæði með tillögu um slíkt.

10. gr.

Lögum félagsins er breytt á aðalfundi. Lagabreytingatillögur verða að vera lagðar fyrir stjórn félagsins tíu dögum fyrir aðalfund. Til að breyting á lögum öðlist gildi þurfa 2/3 greiddra atkvæð að vera samþykkt henni.

(lagabreyting 26.4.2001, aður breytt eftir aðalfund 16.5.92, leiðrétt 24.4.97)

# MÁLPING UM JAPANSKA MENNINGU

日本文化講演会

Pann 21. apríl var málþing um japanska menningu haldið í Húsi verslunarinnar. Þingið stóð tæpar fimm klukkustundir og óhætt er að segja að áhugi og mæting hafi verið framar björtstu vonum aðstandenda. Á annaðhundrað manns hlýddu á fyrirlestra um japanska menningu, fylgdust með sýningu á vígaíþróttum og nutu góðs af framúrskarandi eldamennsku Snorra hjá Sticks 'n Sushi en boðið var upp á hefðbundinn japanskum mat og vel var veitt af drykkjarföngum. Fréttamenn voru á staðnum og mikil umfjöllun var um þingið í fjölmáðlum bæði í forkynningu og að því loknu.

Erindi héldu Auðun Georg Ólafsson,

stjórnmálafræðingur; Gunnhildur Gunnarsdóttir, arkitekt og formaður Íslensk-japanska félagsins; Kristín Ísleifsdóttir, myndlistarkona og óopinber tengiliður Íslands og Japans til margra ára; Stefán Baldur Árnason, bókmenntafræðingur; Þorsteinn Jónasson, kvíkmyndagerðarmaður og Björn Þór Vilhjálmsson, bókmenntafræðingur.

Hér á eftir fara brot úr erindunum svo þeir sem af misstu fái hugmynd um það sem fram fór og þeir sem á hlýddu geti rífsað upp inntak fyrirlestranna.



Ur fyrirlestri Björns Þórs um Manga og japanska menningu. Samúræji fellur í valinn fyrir sverði bróður síns.

# Japönsk hönnun fyrr og nú

Kristín Ísleifsdóttir

Frá árinu 1868 hefur Japan gengið í gegnum örar og ólíkar breytingar. Þar hefur átt sér stað mikil blanda japanskra og vestrænna áhrifa, bæði frá Bandaríkjum og Evrópu. Hinir rómantísku segja um japanska menningu, að hún sé eins og laukur, og hvert lag lauksins sé japansk, þar sem að hann grær í japanskri mold, en rýmið á milli laganna sé erlent.

Aðrir halda því fram, að menning þeirra sé orðin svo gegnsýrð af erlendum áhrifum að hún sé orðin eins og amerískur kleinuhringur, loftkennd með gati í miðjunni.


Priðja sjónarmiðið er að þar sem að Japanir hafi verið mjög virkir í mótu heimsmenningarinnar s.l. hundrað ár, þá sé ekki hægt að tala um hvað sé japansk og hvað sé vestrænt og það sem er álitid vera vestræn áhrif séu í raun straumar sem eru búinir að fara marga hringi fram og til baka milli Japans og Vesturlanda. Víxlverkunin hefur þegar átt sér stað, straumar og stíllegundir berast um heiminn og allir jarðarbúar eiga jafn mikið tilkall til þeirra, hvað svo sem straumarnir nefnast eða hvar fólk ið býr.

## Ómur fortíðar

Gunnhildur Gunnarsdóttir

Oft er því haldið fram að Japanir séu stórhuga og að einsaklingnum sé þar gefið lítið vægi. Í byggðamynstri og byggðaþróun japanskara borga má hins vegar enn í dag sjá þann næmleika í nálgun að umhverfinu sem á rætur að rekja til Nara-tímabilsins, sem líta má á sem vöggu japanskra menningar. Stórborgin Tokýo, eða þyrpingar þær sem hún samanstendur af, hafa flestar haldið í þann mannlega þátt sem oft er deilt á að gleymst hafi í nútímaskipulagi stórborga. Þessi sjálfbæra endurnýjun, ef svo má kalla, hefur orðið til þess að líf hinna ólíku hverfa hefur aldrei með öllu vikið fyrir nýjum skipulagshugmyndum eða áformum

um landnotkun. Íbúi í þessari miljónaborg þarf aðeins að ferðast örstutta vegalengd til að nálgast allar helstu nauðsynjavörur.



Áheyrendur hlýða hugfangnir

Naratímabilið var stutt og allt of oft er eins og saga Japans sé skráð frá upphafi Kyoto og þeirra kínversku áhrifa sem þá voru áberandi. Hins vegar leyfir höfundur sér að fullyrða að ómar þeirrar fortíðar sem lesa má í nútímborginni Tókýó sé arfur þeirrar nálgunar við náttúruna sem þróaðist á Yamato-sléttunni fram að þeim tíma er Kyoto varð höfuðborg landsins.

Pessi ómur fortíðar sem finna má í

þróun Tókýó sem stórborgar á sér engan samnefnara í byggðaþróun sem við þekkjum bæði frá Vestulöndum og í Asíu. Tokýó samanstendur af 23 þyrpingum fyrri tíma, hver með sína sögu og sérstaka svipbragð. Gífuleg endunýjun hefur átt sér stað en meðan lífæðar fyrri tíma hafa endurnýjast er eðli borgarinnar að miklu leyti óbreytt.

## Haruki Murakami

Stefán Baldur Árnason

Sambærilega gagnrýni á tilvistarvanda nútímmannsins má finna í öllum bókum Murakami, þó ekki sé með jafn 'ævintýralegum' hætti og í Hard-Boiled Wonderland and the End of the World. Flestar gerast þær í samtímanum, og segja frá samskiptum karlmannna við umhverfi sitt með frekar rólyndum hætti (ef þannig mætti að orði komast). Þó er aldrei langt í þá fantasíu sem einkennir Hard-boiled svo mjög, en Murakami beitir henni- fyrir sig með líkum hætti og Svava Jakobsdóttir í fyrstu bókum sínum: Hið hversdagslega og alvanalega er sýnt sem öðruvísi og óvenjulegt, en hið óvenjulega og undarlega er gert hversdagslegt. Áhrifin sem þessi stíll hefur eru m.a. þau að lesandinn gengst við þeim oft á tíðum furðulegu tilviljunum og uppá-komum sem sífellt skjóta upp kollinum þar sem heimsmyndin er alltaf aðeins á skjön við veruleikann. Og á þessu

bili, þar sem allt getur í raun og veru gerst, en samt innan ramma hins mögulega, vinnur Murakami. Sem dæmi um þessa virkni má nefna eitt atriði í mögnuðustu bók Murakami til þessa, The Wind-Up Bird Chronicle. Aðalpersónan er nýlega orðin atvinnulaus í bókarbyrjun þegar eiginkona hans yfirgefur hann. Á svipuðum tíma hverfur kötturinn hans. Pessi atriði virðast ekki tengjast á neinn augljósan hátt, en í framrás sögunnar verður hvarf kattarins og leit aðalpersónunnar að honum að mismunandi birtingarmyndum þess þroskaferlis sem hún gengur í gegnum í bókinni. Samsvarandi hliðstæður eru og dregnar milli aðalpersónunnar, sem á sérkennilega hátt dregst að uppþornuðum brunni í nágrenni heimilis síns, og fyrrverandi hermanns sem skrifast á við hann, þegar í ljós kemur að uppþornaður brunnur kemur við

sögu í stríðsminningum uppgjafahermannsins. Tengslin þarna á milli eru aldrei útskýrð eða útfærð frekar, en lesandinn byrjar ósjálfrátt að yfirlæra reynslu hermannsins yfir á aðstæður aðalpersónunnar, sem eykur og dýpkar lestarinn. Önnur áhrif sem þessi frásagnarháttur hefur eru þau að aðgreiningin milli innra lífs persónanna og ytri heims verða óljósari, þar sem röklegu orsakasamhengi er komið í uppnám. Þetta sprengir upp merkingar-

heim frásagnanna, sem er þá hægt að lesa samhliða á tveimur (ef ekki fleirum) sviðum: Annars vegar á sviði innra tilfinningalífs persónanna og hins vegar á sviði eiginlegrar atburðarásar/ytri áhrifsvalda.

Megináherslan verður þó að vera á orðið "samhliða" þar sem hvoru tveggja merkingarsviðanna getur án hins verið og lestarinn verður sífelld merkingarleit.

## Japanskar kvikmyndir

Þorsteinn Jónsson

Japanskar kvikmyndir þróast í stórum dráttum í tvær áttir, samúræjamyndir (jjidaigeki) þar sem húsbondalausí samúræinn (ronin) nýtur mestra vinsælda, og myndir um samtímann (gendaigeki).

Samtímanyndirnar eru undir sterkum áhrifum frá vestrænum raunsæishöfundum eins og Ibsen, Tsjekov og Gorky, og síðar amerískum kvikmyndum. Meðal áhrifavalda var seríu af klukkutíma löngum myndum, Bluebird Productions, gjörsamlega gleymdum á Vesturlöndum. Pessar myndir höfðu einfaldan söguþráð og þar viðgengst ákveðin tegund af raunsæi. Ushihara, Kinugasha, Gosho og Ozu hafa allir nefnt þessi áhrif. Einföldun hefur alltaf höfðað til japanskra listamanna.

Kvikmyndagerðarmenn voru til dæmis mjög uppteknir af rammanum, listinni að skera myndina. Þetta kemur glöggt

fram hjá leikstjóra eins og Kenji Mizoguchi. Raunsei hans er fólgιð í að raða og kompónera í hinn afmarkaða "ramma". Annars var stíll hans sam-suða úr ýmsum áttum eins og hann viðurkenndi sjálfur. Fyrst eftir 1936 "gat ég loksins lært að sýna lífið eins og ég sé það" er haft eftir honum. Í verkum Mizoguchi má frekar en hjá nokkrum öðrum leikstjóra finna fallegan samruna vestræns raunsæis og hinnar tæru en stílfærðu japönsku fagurfræði. Þetta er augljóst í Systurnar frá Gion (Gion no shima), 1936), mynd sem hann sagði vera upphafið af fullmótuðum stíl sínum. Í henni notar Mizoguchi langt á undan öðrum leikstjórum löng og nákvæmlega skipulögð myndskeið með samverkandi hreyfingum tökvélar og leikara til að skapa sérstaka spennu.

# Hreyfingin milli rammanna.

Björn Þór Vilhjálmsson

Manga er sennilega vinsælasta lesefni japönsku þjóðarinnar.

Við þekkjum reyndar öll myndasögur, þær birtast alla daga í Mogganum og Dagblaðinu. Tinni hefur löngum verið aufúsugestur á íslenskum heimilum og það sama má segja um félagana Sval og Val, Súperman og fleiri. En þessar ágætu sagnahetjur eiga eitt atriði sammerkt. Þær birtast okkur á vettvangi sem nær einvörðungu er ætlaður börnum. Pessi staðreynð hefur orðið þess valdandi að myndasögumiðillinn er ekki mjög hátt settur í stéttakerfi listanna. Þvert á móti, ef sagan er sögð á prenti með myndum í bland við texta má ætla að fáir sem áhuga hafa á listum, gefi henni gaum. Þessu er allt öðru vísi farið í Japan þar sem aldalöng hefð er fyrir sögusköpun með myndum og tungumálið sjálft framsett á prenti á íkónógrafískan hátt. Í Japan eru

mangablöð ein öflugasta leiðin til að ná til stórs áheyrendahóps og hafa áhrif á almenningsálitið. Um það bil 40% af öllu útgefnu lesefni, bókum, blöðum og tímaritum í Japan eru myndasögur, leiðbeiningarbæklingar fyrir myndbandstæki og bifreiðar eru jafnvel skrifaraðar á þessu formi, og árið 1995 nam sala blaðanna um tveimur milljörðum. Velta myndasöguþjóðaðarins þetta ár var á bilinu 70-80 milljarðir króna, rifleg fjárlög íslenska ríkisins. Það sem ég vil koma á framfæri með þessum tölum er einfaldlega það að þegar rætt er um myndasögur í Japan er ekki verið að tala um menningarlegan afkima, undirstraum eða botninn á listræna stigaveldinu heldur einn mikilvægasta, vinsælasta og áhrifamesta miðjustrauminn í menningu þjóðarinnar.

## Vaxandi áhugi á starfsemi félagsins

Pess ber að geta að Morgunblaðið gerði málþingi okkar einstök skil, ekki einungis sem kynningu, heldur var fjallað um málþingið undir liðnum Listir og menning. Að öllum líkindum munu nokkrir fyrirlestrar málþingsins síðan verða birtir í stytta máli í lesbók blaðsins nú á næstu vikum.

Ríkisútvarpið hefur einnig verið vakandi fyrir starfsemi okkar, formaður

félagsins var í Dægurmálaútvarpinu og skömmu síðar var viðtal við Björn Þór í Víðsjá, um manga, sögu og menningu teiknimyndasagna í Japan og áhrif þeirra um gjörvallan heim.

Þátturinn "Japanskir morgnar" var sýndur í Ríkissjónvarpinu í sumar en Íslensk-Japanska félagið styrkti framleiðslu þáttarins sem var í höndum Jónasar Knútssonar.

# Saga af Íslandi

Yukiko Koshizuka

Þegar ég fyrst kom til Íslands fannst mér allt vera mjög fallegt. Stórkostlegt landslag, fallegt fólk, fallegt veður, mér fannst allt vera yndislegt. Þar fyrir utan sá ég margt sem er sameiginlegt milli okkar íslendinga og japana. Samt myndi ég ekki nota lýsingar eins og: „Við eignum svo margt sameiginlegt, til dæmis eldfjöll, jarðskjálfta, sjávariðnað og mosa.“ Margt er sameiginlegt en þetta er ekki það sem ég meina.

Oft er sagt að Japanir séu svipbrigðalausir. En hvað með Íslendinga? Þeir eru það líka. Kannski er það út af veðrinu en oft er of kalt til að hægt sé að tala og andlitin frjósá svipbrigðalaus. Það gæti líka verið ótrúlega erfiður framburður á tungumálinu sem gerir það að verkum að kjálkinn læsist. Annað sem mér dettur í hug er að vindurinn sem blæs miskunnarlaust allt árið blási orðunum í burtu sem og svipbrigðunum. En það gæti líka bara verið að Íslendingar sem eru svo ofsalega meðvitaðir um tískuna og alltaf flott klæddir séu bara að reyna að

líkja eftir svipbrigðalausum fyrirsætunum í tískublöðunum.

Stundum upplifi ég líka hvernig Íslendingar skynja tíma á svipaðan hátt og Japanir.

Japanir eru alltaf að flýta sér.

Íslendingar eru líka alltaf að flýta sér.

Pess vegna er það svo einkennilegt að bæði Japanir og Íslendingar eru aldrei mættir stundvíslega. Koma alltaf of snemma eða of seitn.

*Onnagokoro to aki no sora.* Þetta er japanskort orðatiltæki sem þýðir: „hugur kvenna og hausthiminninn eru það sem oftast breytist.“

Hvað er það sem mest er breytingum háð á Íslandi?

# ...tokubetsu

Stjórn íslensk-japanska félagsins hefur ráðið til starfa þjóðþekktan fréttahauk til að fylgjast með starfsemi félagsins. Mun hann koma fróðleiksmolum, staðreyndum og slúðri á framfæri við lesendur fréttabréfsins. Ritstjóri tekur fram að hann ber enga ábyrgð á því sem birtist í dálknum, en dulnefni blaðamannsins, sem hefur kosið að koma fram undir nafnleynd til að geta grennslast fyrir bak við tjöldin í félaginu óáreittur, er Tokubetsu.

\* \* \*

Áhugamenn um japanska menningu hafa varpað þeirri hugmynd fram við stjórn íslensk-japanska félagsins að það hasli sér völl í bekkingarrýminu með því að koma sér upp vefsetri. Tokubetsu finnst þessi hugmynd afar kræsileg enda ástæðulaust að félagið nýti sér ekki nýja miðla og reyni að fanga athygli þeirra sem vafra um á alnetinu. Enda þótt heimildir hermi að hugmynd þessi sé enn á umræðustigi eru stjórnarmeðlimir hér með hvattir til frækkinna landvinnings í rafrænum

hjáveruleika.

\* \* \*

Tuttugu ára afmæli félagsins er í nánd og hefur Tokubetsu haft veður af störfum afmælisnefndar sem allir eru sammála um að standi sig með mikilli prýði. Þó ber að nefna að metnaður nefndarinnar náði augljóslega hámarki í þeirri hugmynd að áfram skyldi halda með ritun sögu félagsins, sem Kristín ísleifs ritaði og gaf út á fimmtán ára afmælinu, og skyldi verkið, endurbætt og uppfært, vera tilbúið í sjálfri afmælisveislunni.

\* \* \*

Í öngstrætum millilandasamskipta hefur Tokubetsu haft spurnir af því sem dreif á daga japanska sendiherrans, hr. Kawai, er hann kom til Íslands 16. júní síðastliðinn. Haft er eftir ónafngreindum heimildarmanni að hr. Kawai hafi notað tækifærið og notið lífsins á grænum flötum íslenskra golfvalla með ákveðnum aðilum félagsins. Fréttir herma að hr. Kawai hafi staðið sig

með mikilli prýði en færri  
sögur fara af frammistöðu  
íslenskra mótsplarara.

\* \* \*

Meira af sendiherranum: Hr.  
Kawai skoðaði einnig nýja  
landnemaspildu félagsins,  
og var þar staddur á  
miðnætti þjóðhátiðardags  
okkar, 17. júni, og féll  
víst vel í geð. Þá hefur  
það heyrst að Gunnhildur  
arkitekt og Kolbrún  
landslagsarkitekt hafi  
oftar en einu sinni sést  
þarna á vappi. Eflaust eru  
þær stöllur að sækja  
innblástur frá umhverfinu  
og náttúrunni enda  
grasaferðir löngum þótt  
skáldleg iðja.

\* \* \*

Á stefnuskrá félagsins er  
að styrkja japanska  
foreldra við að kenna  
börnum sínum japónsku.  
Þetta er framtak sem hleypt  
var af stokkunum hitt í  
fyrra, en lá niðri á  
síðasta ári. Nú þykir  
stjórninni tími til kominn  
að endurvekja þetta ágæta  
framtak og munu án efa  
margir njóta góðs af.

\* \* \*

Síðast, en alls ekki síst,  
er það sönn ánægja  
Tokubetsu að tilkynna að

félagið hefur hreiðrað um  
sig í nýju húsnæði.  
Vissulega var sárt að  
skilja við aðstöðu  
félagsins í Kringlunni en  
Tokubetsu brosir í gegnum  
tárin þegar hann horfir út  
um gluggann í nýja  
húsnæðinu, í hjarta  
borgarinnar við Laugaveg,  
og sér iðandi mannlífið  
fyrir neðan. Nánar tiltekið  
er félagið nú staðsett við  
Laugaveg 7, þriðju hæð eða  
Mannhæðinni eins og hún er  
kölluð af kunnugum.

\* \* \*

Óstaðfestar heimildir herma  
að sendiherra Japans hafi  
flýtt för sinni til Íslands  
um einn dag til að geta  
samglaðst félagsinu á 20  
ára afmæli þess, notið  
samveru okkar og  
utanríkisráðherra.

Einnig hefur frést að  
starfsmenn sendiráðsins  
vinni að því ötulum höndum  
að uppfylla tæknilegar  
kröfur tónlistarmanna sem  
von er á til landsins nú í  
byrjun október þannig að  
afmælisgestir fái notið  
hins besta af  
tónlistarflutningi  
shakuhatchi og kótó á eftir  
fyrirlestri sendiherra.

tokubetsu..

Síðastliðið ár var unnið markvisst að því að uppfæra félagskrá okkar auk þess sem reynt var að afla netfanga sem flestra félagsmanna. Ekki er ósenilegt að ný stjórn kjósi í auknu mæli að senda tilkynningar einvörðungu í formi tölvupósts þar sem kostnaður við útgáfu og póstburðargjöld fréttabréfa er verulegur.

## Ársgjald

Á aðalfundi var ákveðið að árgjald félagsins skuli vera óbreytt frá fyrra ári kr. 1.500,- Greiðsluseðlar eru sendir með fréttabréfi þessu og væntum við að félagar okkar greiði þá hið fyrsta. Með kveðju, Gísli Pálsson gjaldkeri.

## Stofnun Shogi-félags

Nýr leikur hefur borist frá Japan. Hann heitir Shogi, og má lskja honum við skák. Shogi er aðallega spilað í Japan, en þar sem leikurinn hefur náð mikilli blaða-og sjónvarpsathygli má segja að hann fari á sama stall og skák, og sé einn hinna þriggja klassísku bord leikja. Við erum að leita að nýjum skákmönnum, byrjendum sem og lengra komnum, á fyrsta fund Shogi félagsins sem betur verður auglýstur síðar.


Þar verða reglur leiksins kynntar, og áhugasömum boðið upp á bók með leikreglum, og síðan tekin létt skák. Áhugasamir hafi samband við Shimada hjá Japanskasendiráðinu.

Vonumst við til að þau ykkar sem ekki hafa komið upplýsingum áleiðis um netfang sendi það hið fyrsta til okkar á nýtt netfang félagsins.

Netfang félagsins er [isjap@islandia.is](mailto:isjap@islandia.is). Félagið mun þó áfram senda fréttatilkynningar til ríkisfjölmíðla og dagblaða enda hafa allar tilkynningar sem félagið hefur sent frá sér verið birtar.

## 將 棋

TÆKIFÆRI! Ef þú verður sigurvegarí á Shogi móti, gætir þér verið boðið til Japans, þar sem þér gefst tækifæri á að spila á Shogi meistaramóti.



# Norðurljós og neónljós:

Hugleiðingar um Á köldum klaka eftir Friðrik Þór Friðriksson  
Björn Þór Vilhjálmsson


Það er forn japónsk hefð að votta forfeðrunum virðingu með sérstakri helgiathöfn. Það er nýleg japónsk hefð að fljúga til Hawai til að spila golf. Í upphafi myndarinnar Á köldum klaka, eftir Friðrik Þór Friðriksson, þarf söguhetjan, Hirata Atsushi, að velja á milli þessara tveggja kosta. Það er ekki nema með hálfum hug sem hann heldur til Íslands til að heiðra minningu foreldra sinna sem sjó árum áður fórust af slysförum við Köldukvísl við Staðarfell, afskekkta jökulá. Ferðin reynist afdrifarík enda ekki auðvelt að ferðast um vegi landsins um hávetur. Hirata kynnist íslenskum síðum eins og þeir gerast hvað furðulegastir, einkennilegu fólk, bæði innlendu og erlendu, og síðast en ekki síst, stórfenglegri náttúru.

Í upphafi myndarinnar kynnumst við daglegu lífi Hirata. Hann nýtur velgengni í viðskiptaheimi Tókýó-borgar en fyrsta skot myndarinnar er loftmynd af skýjakljúfum stórborgar-innar. Klippt er inn í síbúð sögu-hetjunnar þar sem Hirata situr einsamall, snæðir morgunverð og horfir á spurningaþátt í sjónvarpinu. Í næsta skoti er myndavélin staðsett líkt og inni í sjónvarpinu; smækkaður Hirata sést í fjarmynd, staðsettur á sama stað í rammanum og sjónvarpið áður, líkt og spyrillinn í sjónvarps-þættinum og hann hafi skipt um hlutverk. Skotið gefur líka í skyn að tilvera Hirata sé jafn innantóm og þátturinn sem hann fylgist með, nokkuð sem er ítrekað með þróngum rammanum en Tókýó-kafli myndarinnar er tekinn í sjónvarpsbreidd, eða hlutföllunum 1.33:1. Auk þess framkallað

smæð rammans tilfinningu innilokunar-kenndar og þrengsla, sem ílöng íbúð Hirata eykur við, en þessi hluti myndarinnar þjónar einmitt þeim tilgangi að sýna að þótt á yfirborðinu sé líf aðalpersónunnar ágætt skortir hana tilfinningalega næringu: andleg hlið manneskjunnar er ekki ræktuð sem skyldi í tæknivæddu nútímasamfélagi stórborgarinnar. Myndskeiðið sem fylgir á eftir, þegar Hirata heldur til vinnu, rennir stoðum undir þessa hugmynd. Borgin saman- stendur af neónljósum, háhýsum, óendenlega breiðum umferðargötum, og bíflaflota sem stundum fyllir allan rammann. Mannmergðin streymir yfir götur og út úr neðanjarðarlestum, sumir eru með mengunargrímur yfir andlitinu og allir eru að flýta sér. Í fjöldanum er ómögulegt að greina mannamun því allir hegða sér eins. Borgarlíkaminn er malbikaður og vélrænn og einstaklingurinn smár og vanmáttugur í samanburði. Þegar Hirata heldur til Íslands víkkar ramminn skyndilega í hefðbundna breidd, 2.35:1. Líkt og áður er þetta táknrænt. Péttbýli Japans er vitanlega í fullkominni andstöðu við dreifbýli Íslands, víðáttur náttúrunnar á móti strætum borgarinnar, en sjóndeildarhringurinn opnast líka og ekki aðeins fyrir áhorfendum heldur einnig Hirata, og ber manni að skilja breytinguna á stærð rammans sem svo að ferð Hirata til aukinnar sjálfsþekkingar sé að hefjast.

# Bonsai-garðurinn í Hafnarfirði

盆栽庭園



Við viljum minna á Bonsai-garðinn, sem staðsettur er í norðurhluta Hellisgerðis, en garðinn prýða bonsai-plöntur félaga okkar Páls Kristjáns-sonar. Athygli vakti að síðastliðið ár heimsóttu fleiri Bonsai garðinn heldur en aðal Lista- og menningarstofnun bæjarins.

Njótið haustlita undir hausthimni og heimsækið nyrsta bonsai-garð veraldar.

Opnunartími Bonsai-garðsins er:

Kl. 15:00 - 22:00 virka daga

Kl. 12:00 - 18:00 um helgar

Garðurinn er opinn til 1. nóvember.

# *20. ára afmælishátíð Íslensk-japanska félagsins*

20. ára afmælishátíð  
Íslensk-japanska félagsins  
verður haldin  
á Kjarvalsstöðum  
við Flókagötu  
fimmtudaginn 4. október 2001.

Afmælishátíðin hefst klukkan 18:30 með fyrirlestri  
herra Kawai Masao, sendiherra Japans um samskipti  
þjóðanna Japans og Íslands og menningartengsl.

*Fyrirlestur sendiherra er öllum opinn.*

Japanskur hátfíðarkvöldverður  
Hátfíðarkvöldverður hefst klukkan 19:30 með fordrykk.  
Borinn verður fram japanskur hátfíðarkvöldverður að hætti Snorra  
Snorrasonar hjá Sticks'n Sushi.

Hátfíðarræða: Frú Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands  
Ávarp: Miyako Þórðarson  
Veislustjóri er Halldór S Magnússon

*Félagsmenn hafa forkaupsrétt að miðum á afmælishátíðina.  
Vinsamlega athugið að fjöldi matargesta er takmarkaður.*

*Miða má tryggja sér á netfangi borealis@centrum.is með því að gefa upp  
númer og gildistíma kreditkorta eða í síma 897 3720 fram til 28. september.*

*Verð fyrir félagsmenn er kr. 3.900,-*

Stjórn Íslensk-japanska  
félagsins

Formaður

Gunnhildur Gunnarsdóttir  
S: 555-2850  
borealis@centrum.is

Ritari

Björn P. Vilhjálmsson  
S: 551-7272  
bjornv@simnet.is

Gjaldkeri

Gísli Pálsson

Meðstjórnandi

Smári Baldursson  
S: 587-2714  
smarib@tal.is

Meðstjórnandi

Yukiko Koshizuka  
yukiko@hi.is

Íslensk-japanska félagið

Laugavegi 7, 3. hæð  
Pósthólf 5215  
125 Reykjavík  
isjap@islandia.is

Nýir félagar

新メンバー

Andri Júlíusson

Auðunn Arnórsson

Berglind Guðmundsdóttir

Erlingur Snær Guðmundsson

Eyrún Sigmundsdóttir

Guðrún Björnsdóttir

Guðrún Friðriksdóttir

Hörður H. Helgason

Helgi Gíslason

Helga E. Jónsdóttir

Hilmar Þórðarson

Jóhann M. Hauksson

Jón Halldór Jónasson

Kolbrún Póra Oddsdóttir

Kristinn Andersen

Minoru Okazaki

Ottó Geir Borg

Ólafur Davíðsson

Reynir Örn Guðmundsson

Sigrún Eldjárn

Svanur Björnsson

Snorri B. Snorrason

Svava B. Gísladóttir

Porsteinn Jónsson

Porkell Ólafur Árnason

Póra Snorradóttir

Við bjóðum nýja félaga hjartanlega  
velkomna.